

BORGARRÁÐ 31. janúar 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um útvíkkun á notkunarskilyrðum frístundakorts - R19010423

Tillaga áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins að börn geti nýtt frístundakort borgarinnar til kaupa á sundkorti. Mikilvægt er að víkka út notkunarmöguleika frístundakortsins þar sem aðeins 70 til 80% barna er að nýta frístundarkortin sín, þó eitthvað misjafnt eftir hverfum. Borgarfulltrúa Flokks fólksins finnst að kortið eigi ekki einungis að dekkja frístund heldur tómsundur og hreyfingu eins og t.d. almennar sundferðir. Markmið borgarinnar ætti að vera að öll börn í Reykjavík nýti frístundarkortið sitt til að iðka íþróttir, tómsundur eða til að sinna almennri hreyfingu í frítíma sínum. Til að þetta megi verða er mikilvægt að víkka út notendaskilyrðin og taka allt sem vitað er að geri börnum gott andlega og líkamlega inn í notkunarskilgreininguna. Þessi tillaga er liður í því.